

Fundargerð 104. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. maí 2016 kl. 13:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Guðmundur Sigurvinsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Símon Guðvarður Jónsson og Örn Friðriksson

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson og Andrés Bjarnason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 103
2. Kosning varaformanns VM
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. Velja fulltrúa stjórnar VM í stjórn sjúkrasjóðs VM
5. Staðn á orlofsaðstöðu félagsmanna VM
6. Heiðrun á Sjómannadaginn og Neistinn
7. Ábyrgð stjórnarmanna í lífeyrissjóðum
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna og þá sérstaklega nýja stjórnarmenn.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 102

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Kosning varaformanns VM

Samúel hefur verið varaformaður frá árinu 2010. Hann gaf kost á sér áfram og var kjörinn einróma.

3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Aðalfundurinn gekk vel og búið er að uppfæra lagabreytinguna sem var samþykkt þar.

- Við erum ennþá að bíða eftir niðurstöðu úr Akksmálinu.
- SALEK, því miður virðist vera að fjara undan þessu samkomulagi. Þjóðfundinum var frestað og húsnæðisfrumvarpið sem var búið að lofa er hvorki fugl né fiskur. Fjárlagastefnan er á skjön við allt og lífeyrismál opinberra starfsmanna eru óleyst.
- Við erum ennþá í kjarasamningum, eftir er að gera samning vegna hvalaskoðunar og túristaskipa sem og innanlands siglinga. Það er fundur hjá sáttasemjara núna.

4. Velja fulltrúa stjórnar VM í stjórn sjúkrasjóðs VM

Tveir buðu sig fram í stjórn Sjúkrasjóðs og tillaga kom um 3ja mann og var hann kosinn einróma. Formaður sagði að í haust þyrftum við síðan að fara yfir nefndir eins og orlofsnefnd, fagnefnd og lífeyrisnefnd og skipa í þær.

5. Staðan á orlofsaðstöðu félagsmanna VM

Nýju húsin á Laugarvatni eru langt komin og fara í útleigu um leið og þau eru klár. Framkvæmdir eru í gangi við sundlaugina og tjaldstæðið kemur ekki nógu vel undan vetri.

6. Heiðrun á Sjómannadaginn og Neistinn

VM tilnefni Ásgeir Guðnason að þessu sinni til heiðrunar á Sjómannadaginn og Guðjón Kolbeinsson á Arnarfellinu fær Neistann núna.

7. Ábyrgð stjórnarmanna í lífeyrissjóðum

Í fundragögum er ljósrít úr blaðinu Vísbending frá 22. apríl sl. en þar ef fjallað um ábyrgð stjórnarmanna í Lífeyrissjóðum. Ljóst er að stjórnarmenn í stjórnnum Lífeyrissjóða bera mikla ábyrgð. Mennt sem sitja fyrir okkur í stjórnnum eru tryggðir að einhverju leyti.

8. Lagt fram til upplýsingar

- Hugsanlegar breytingar á reglugerð ASÍ um framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu
- Samkomulag við Þingið vegna vinnustaðaeftirlits á Húsavíkursvæðinu

9. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:20